

Alþingi
Erfindi nr. P 123/841
komudagur 19.1.1999

Nefndasvið Alþingis
allsherjarnefnd
b.t. Sólveigar Pétursdóttur
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 14. janúar 1999.

Efni: Frumvarp til skaðabótalaga. Umsagnir Vátryggingaeftirlits.

Allsherjarnefnd hefur sent undirrituðum höfundum að frumvarpi til skaðabótalaga þær athugasemdir sem nefndinni hafa borist við frumvarpið. Umsögn SÍT frá 7.12.98 gaf okkur tilefni til skriflegra athugasemda, sbr. greinargerð okkar til nefndarinnar dags. 9.12.98.

Meðal annarra athugasemda sem okkur hafa borist eru tvær umsagnir Vátryggingaeftirlitsins, dags. 7.12.98 og 9.12.98.

Í fyrri umsögninni kemur fram jákvætt viðhorf til meginefnis frumvarpsins. Settar eru fram athugasemdir í þremur töluliðum. Allar athugasemdirnar eru rökstuddar. Við höfum þegar gert tillögur um breytingar á frumvarpinu í samræmi við athugasemd 2 og 3. Um fyrstu athugasemdina er það eitt að segja að í frumvarpinu er lagt til að skerðing miskabóta vegna aldurs hefjist fyrr á ævinni en nú er en verði minni á hverju ári. Enginn algildur sannleikur er til í þessu efni og tekið skal fram að tillaga okkar um að hefja skerðinguna við 50 ára aldur byggist á mati.

Siðari umsögnin er dagsett 9.12.98 og kynnt sem framhald fyrri umsagnarinnar og fundar fulltrúa eftirlitsins með allsherjarnefnd þann 8. desember 1998. Augljóst er að sá sem skrifaði umsögnina og vann samanburðardæmin hefur gert mistök við túlkun gildandi skaðabótalaga. Virðist vera sem við útreikninga eftirlitsins hafi láðst að gæta að efni 9. gr. laganna um að örorkubætur skerðist frá 26 ára aldri og falli niður þegar 70 árum er náð. Þess í stað hafi verið beitt skerðingarreglunni í 4. gr. sem alls ekki á við um örorkubætur. Hér er um slík grundvallarmistök að ræða flestar niðurstöður verða óhjákvæmilega fjarri sanni.

Hér á eftir eru dæmi um villur í bréfi eftirlitsins:

1. Neðst á síðu 2 í samanburðinum undir lið 2.3 segir:

Örorkubætur til þeirra sem eru 74 ára og eldri lækka mikið.

Þetta er ekki rétt. Þeir sem vinna með skaðabótalögin vita að réttur til örorkubóta er almennt ekki fyrir hendi eftir að 70 ára aldri er náð.

2. Í fjórðu greinarskilum á bls. 3 í samanburðinum segir:


Við 100% örorku hækka örorkubætur hjá tjónþolum á aldrinu 9-25 ára en lækka hjá öðrum. Hjá 59 ára gömlum tjónþola lækka örorkubætur við algeran miska úr 16 Mkr í 5.1 mkr.

Það er rangt að örorkubætur til 59 ára manns við algeran miska nemi 16 Mkr. Hið rétta er að þær eru rétt rúmar 7 Mkr.


3. Þar sem myndrænu útfærslurnar með samanburði á gildandi bótakerfi og frumvarpinu eru leiddar af útreikningum sem ekki eru réttir verður niðurstaðan óhjákvæmilega langt frá því að vera rétt.

Samanburður eins og sá sem allsherjarnefnd hefur beðið Vátryggingaeftirlitað að vinna kann að vera gagnlegur. Það verður þó að undirstrika að verið er að bera saman tvö ólík kerfi, þar sem annars vegar er byggt á læknisfræðilegu örorkumati skv. 8. gr. skaðabótaganna og hins vegar fjárhagslegu örorkumati skv. frumvarpinu. Alveg er ljóst að allur samanburður er af þessari ástæðu mjög varasamur, svo ekki sé meira sagt.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Jónsson
fyrrv. hæstaréttardómari



Gestur Jónsson hrl